

Fræðsludagur um fjölþáttameðferð (MST)
fyrir alla áhugasama og einkum þá sem starfa með unglíngum í vanda;
í skólum, meðferðar- eða tómstundastarfi osfv.

*Bernadette Christensen verkefnisstjóri fyrir MST í Noregi
og Anne Cathrine Strütt MST-handleiðari*

Mánudagur 2. júní
Grand Hótel Reykjavík

Fjölþáttameðferð (Multisystemic Therapie, MST) er beitt víða um heim sem aðferð til að takast á við alvarlegan hegðunarvanda unglínga á aldrinum 12-18 ára. Markmiðin eru að auka styrkleika og bjargráð fjölskyldunnar, að unglíngurinn geti búið heima, stundi skóla eða vinnu, beiti ekki ofbeldi, komist ekki í kast við lögin og sé ekki í vímuefnaneyslu. MST er upphaflega þróað og rannsakað í Bandaríkjunum og hefur á sl. 15 árum náð útbreiðslu þar, sem og í 10 öðrum löndum, þ.m.t. Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Norðmenn hafa rúmlega 8 ára reynslu af notkun MST og starfrækja um 25 meðferðarteymi víðsvegar um landið.

Fjölþáttameðferð mun standa til boða á Íslandi frá og með næsta hausti, fyrst í stað á suðvesturhorninu. Aðgangur að fræðsludeginum 2. júní er ókeypis og eru allir áhugasamir og einkum þeir sem koma að starfi með unglíngum í vanda (t.d. í skólum, meðferðar- eða tómstundastarfi) hvattir til að mæta. Bernadette Christensen og Anne Cathrine Strütt eru báðar sálfræðingar og hafa viðtæka reynslu af samstarfi við ýmsa faghópa. Fræðsludagurinn fer fram á íslensku og ensku. Vinsamlega tilkynnið þátttöku til ingibjorg@bvs.is.

Dagskrá

- 9.00-9.40: Opnun, grunnupplýsingar um MST og innleiðingu á Íslandi
- 9.40-10.20: Uppbygging og staða MST í Noregi
- 10.20-10.45: Kaffihlé
- 10.40-12.00: Aðferðir MST útskýrðar útfrá einstaklingssögu. Athyglinni beint að samvinnu við mismunandi aðila (kerfi) sem eru hluti af meðferðinni: fjölskylda & stuðningsaðilar, skóli, félagahópur, lögregla, barnavernd
- 12.00-13.00: Hádegishlé
- 13.00-13.50: Framhald: Aðferðir MST ...
- 13.50-14.05: Hlé
- 14.05-15.00 Framhald: Aðferðir MST og umræður um tengsl við aðstæður á Íslandi